# Skipulagsmál á miðhálendinu

Skipulagsstofnun

Kynning fyrir nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu

2.10.2018

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

# Skipulagslög – frá kauptúnum og sjávarþorpum til miðhálendis

Skipulagsstofnun

- 1921 – Kauptún og sjávarþorp með 500 íbúa eða fleiri skipulagsskyld
- 1938 – Kauptún og sjávarþorp með 200 íbúa eða fleiri skipulagsskyld
- 1964 – Kaupstaðir, kauptún og þorp með 100 íbúa eða fleiri skipulagsskyld + heimild til að vinna svæðisskipulag
- 1978 – Öll sveitarfélög skipulagsskyld (nema byggingar á lögbýlum)
- 1993 – Heimilt að vinna svæðisskipulag fyrir miðhálendið
- 1997
  - Vinna skal svæðisskipulag fyrir miðhálendið
  - Ábyrgð á gerð skipulagsáætlana færist formlega frá ríki til sveitarfélaga
  - Aðalskipulag skal unnið fyrir öll sveitarfélög og ná til alls lands
  - Deiliskipulag grundvöllur byggingarleyfa á öllu landinu
  - Framkvæmdaleyfi sveitarstjórna þarf til framkvæmda sem ekki eru háðar byggingarleyfi
- 1998 – Ný sveitarstjórnarlög: „Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög“ (áður „byggðin“ ásamt afréttum íbúa í viðkomandi sveitarfélagi)
- 2010 – Landsskipulagsstefna tekur við hlutverki svæðisskipulags miðhálendis hvað varðar stefnu um skipulagsmál á miðhálendinu


Miðhálendi Íslands
Svæðisskipulag 2015
GREINARGERÐ
Umhverfisráðuneytið og Skipulagsstofnun
MAÍ 1999


MIÐHÁLENDI
ÍSLANDS
Svæðisskipulag 2015
Langjökull
Hofsjökull
Vatnajökull
Mýrdals-
jökull
Reykjavík

# Afmörkun miðhálendisins

Skipulagsstofnun

- Breyting á skipulagslögum 1993
  - Svæðið markast í aðalatriðum af línu sem dregin verður á milli heimalanda og afrétta.
- Svæðisskipulag miðhálendisins (vinna við gerð þess hófst 1993 og lauk með staðfestingu 1999)
  - „Mörk skipulagssvæðisins voru í upphafi vinnunnar skilgreind sem lína sem í grófum dráttum er dregin á milli heimalanda og afrétta. Síðan endurskoðaði samvinnunefnd markalínu skipulagssvæðisins í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir og aðra hlutaðeigandi aðila.“
- Skipulags- og byggingarlög 1997
  - Miðhálendið markast af línu sem mótuð var við gerð svæðisskipulags miðhálendisins.
  - Samvinnunefnd miðhálendis eða hlutaðeigandi sveitarfélög geta, eftir að hafa haft samráð sín á milli, gert tillögur til ráðherra um breytingar á markalínu miðhálendisins.
- Landsskipulagsstefna 2016
  - Áfram miðað við sömu afmörkun og gert var í svæðisskipulagi miðhálendisins.
  - Jafnframt tilgreint að sveitarstjórnir geti lagt til breytingar á markalínu miðhálendisins við endurskoðun aðalskipulags, enda feli breytingin í sér að endurskoðuð markalína afmarki betur náttúrufarslega heild hálendisins.



# LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

*Sjálfbær þróun*
*Seigla & sveigjanleiki*
*Lífsgæði*
*Samkeppnishæfni*

**MIÐHÁLENDIÐ**



*Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu þess.*

**DREIFBÝLI**



*Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.*

**BÚSETUMYNSTUR**



*Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.*

**HAF- OG STRANDSVÆÐI**



*Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.*

# LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026




http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna_2015-2026_asamt_greinargerd.pdf

Hægt er að nálgast prentað eintak hjá Skipulagsstofnun




https://www.youtube.com/watch?v=dBMoStSuJFE

# LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

## MIÐHÁLENDIÐ

Yfirmarkmið:

*Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu þess.*

Nánari markmið um:

- *Víðerni og náttúrugæði*
- *Ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi*
- *Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi*
- *Sjálfbæra nýtingu orkulinda*
- *Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi*
- *Skipulag með tilliti til náttúruvár*

Leiðir að markmiðum skilgreindar:

- *Í gegnum skipulagsgerð sveitarfélaga*
- *Aðra áætlanagerð stjórnvalda, svo sem um samgöngur, virkjanir og raforkuflutning*
- *Tiltekin verkefni stjórnvalda*

# Staða aðalskipulags

Skipulagsstofnun



# LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Framfylgdarverkefni sem varða miðhálendið:

- Viðmið fyrir mat á umfangi víðerna og kortlagning víðerna
- Skráning mannvirkja og þjónustu
- Mat á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja
- Skrá yfir aðra vegi en þjóðvegi í náttúru Íslands
- Nánari stefnumótun um vegakerfi miðhálendisins






Nr. 260 5. febrúar 2018

REGLUGERÐ

**um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd.**

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um gerð og birtingu skrár um vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

2. gr.

Við gerð aðalskipulags gera sveitarfélög tillögu að skrá skv. 1. gr. innan marka sinna. Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Sveitarfélögum er heimilt að gera tillögu skv. 1. málsl. við gerð svæðisskipulags eða breytingar á svæðisskipulagi, sbr. 21. og 27. gr. skipulagslaga.

Skráin er háð samþykki Umhverfisstofnunar, eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á, á landsvæðum sem liggja innan friðlýstra svæða og þjóðgarða. Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

3. gr.

Við gerð tillögu að skrá skv. 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á umræddum vegum sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

4. gr.

Sveitarfélög skulu í tillögu að skrá skv. 2. gr. flokka vegina í samræmi við neðangreinda flokkun í F0, F1, F2 og F3:

| | |
|---|---|
| F0 | Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þíðatíð. |
| F1 | Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þíðatíð. |
| F2 | Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þíðatíð. |
| F3 | Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Vegur, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þíðatíð. |

Vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun. Sé um að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun skal tilgreint sérstaklega það tímabil sem heimilt er að nota veg og í hvaða tilgangi sé heimilt að nota veginn, s.s. við smalamennsku, veiði, eftirlit og viðhald orku- og veitumannvirkja eða rannsóknir.

Tillaga að skrá skv. 2. gr. skal vera stafræn og taka mið af ÍST 120 staðli og fitjuskrám. Miðlína vegar skal vera hnituð og miða skal við að nákvæmnin sé að lágmarki +/- 5 m.








- Á miðhálendinu eru alls tæplega 600 byggingar tengdar ferðaþjónustu og útivist sem dreifast á tæplega 200 staði. Yfirgnæfandi meirihluti ferðaþjónustubygginga á miðhálendinu eru litlir fjallaskálar, 50 m$^2$ eða minni.
- Aðeins um 60% bygginga á miðhálendinu eru skráðar í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.
- Fjöldi ferðaþjónustubygginga og gistirúma hefur staðið nokkuð í stað á miðhálendinu síðastliðin 20 ár, eða frá því gert var svæðisskipulag fyrir miðhálendið.
- Almennt er ástand bygginga á miðhálendinu metið gott eða sæmilegt, en dæmi um að úrbóta sé þörf eða að mannvirki séu talin ónothæf.
- Gisting  á miðhálendinu er almennt í fjallaskálum með eldunaraðstöðu, en hótel- og gistiheimili með veitingasölu eru þó á nokkrum stöðum.

# VIÐBÆTUR VIÐ LANDSSKIPULAGSSTEFNU 2015-2026

## LOFTSLAGSMÁL







## LANDSLAG







## LÝÐHEILSA







# Aðalskipulag og deiliskipulag sveitarfélaga vs. stjórnunar- og verndaráætlanir þjóðgarða/friðlýstra svæða

Skipulagsstofnun

Aðalskipulag samkvæmt skipulagslögum:

- *Aðalskipulag tekur til alls lands innan marka sveitarfélags.*
- *Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.*
- *Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur.*

Deiliskipulag samkvæmt skipulagslögum:

- *Deiliskipulag tekur til afmarkaðs svæðis eða reits innan sveitarfélags og byggir á og útfærir stefnu aðalskipulags fyrir viðkomandi svæði/reit.*
- *Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.*

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, sem dæmi, samkvæmt lögum um þjóðgarðinn:

- *Í stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu, mannvirkjagerð, samgöngum og öðrum innviðum á svæðinu. Þar skal fjallað um umferðarrétt almennings, aðgengi að svæðinu og not þess.*
- *Í stjórnunar- og verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig framkvæmdum skuli háttað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdir raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum, vatnafari, landslagi eða menningarminjum.*